

Hressilegt spangól

ÞÝDD SKÁLDSAGA

Malarinn sem spangólaði

eftir Arto Paasilinna. 179 bls. Mál og menning, 2004. Þýðandinn Kristín Mäntylä á heiður skilinn fyrir að hafa íslenskað finnskar bókmenntir og kvikmyndir svo snilldarlega um áratuga skeið.

Arto Paasilinna er sennilega þekktasti og vinsælasti rithöfundur Finna um þessar mundir. Hann hefur skrifað fjölda skáldsagna og hafa tvær þeirra komið út á íslensku, *Ár hérans* og *Dýrðlegt fjöldasjálfsmorð*. Malarinn sem spangólaði er um margt keimlík þeim tveimur að því leyti að hún fjallar um finnska þjóðarsál, þunglyndi og einmanakennd, frelsi og höft, ást og öfga. Gunnar Huttunen er manískur malari sem sveiflast milli ofsakæti og þunglyndis og í verstu köstunum spangólar hann eins og óargadýr. Hann kærir sig kollóttan um smáborgarahátt nágrannanna og stjórnsemi yfirvalda, gefur þorpsslúðrinu engan gaum en tekur upp á ýmsum óskunda sveitungum sínum til hrellingar. Illgjarnir menn fá höggstað á honum og koma honum á geðveikrahæli. Eftir að hafa strokið þaðan verður Gunnar útlagi í óbyggðum Finnlands og það er kaldhæðnislegt að það sem hann óttast mest í útlegðinni er að missa vitið (87). Gunnar þarf bæði að glíma við náttúruöflin og laganna verði sem hundelta hann og neyðin hrekur hann síðan til að fremja ýmis afbrot sem gera honum ókleift að snúa aftur.

Spangólið mikla er aðferð til að fá heilbrigða útrás fyrir bæði angist og kæti: „Bara nokkur gól og manni liður strax betur“ (47) segir Gunnar við þorpslækninn sem lætur hann óðara fá pillur til að hemja spangólþörfina. Gunnar er í mesta lagi furðufugl sem hefði væntanlega verið til friðs ef hann hefði fengið að giftast Sanelmu sinni og dútla sér í myllunni og kálgarðinum. En þröngsýnt samfélag þolir ekki öfgakennt háttalag hans eða óviðurkvæmilegan hávaðann sem fylgir honum, hann er úrskurðaður geðveikur. Og geðrænin kvillar fá annað viðmót en aðrir sjúkdómar, í útlegðinni hugsar Gunnar með sér að „ef hann hefði verið með sársaukafullt kyli í brjóstinu hefði hann fengið að lifa í friði, verið vorkennt, hjálpað og leyft að vera veikum innan um annað fólk. En hugur hans var öðruvísi en annarra, það var ekki umborið heldur var honum ýtt til hliðar frá öllu mannlegu lífi“ (87). Á geðsjúkrahúsinu er engrar hjálpar að vænta og yfirlæknirinn klikkaðastur af öllum.

Lýsingarnar á lífi Gunnars í óbyggðum Finnlands eru stórskemmtilegar. Hann byggir kofa, veiðir sér til matar og stundar m.a.s. nám í bréfaskóla. Ástin til Sanelmu svellur í brjósti hans svo og vanmáttug reiðin út í þá sem hröktu hann í útlegð. Ekki eru þó allir honum óvinveittir, lögregluþjónninn og bréfberinn eru sannir vinir í raun. Gunnar fær alla samúð lesandans, útlægur, réttláus, sviptur heimili sínu og frelsi. Hvað eftir annað smýgur hann úr höndum leitarmanna en brátt er svo komið að sýslumaður og landshöfðingi geta ekki látið um sig spyrjast að þeir geti ekki haft hendur í hári útlagans. Undir lok sögunnar taka nokkrar furður við eftir frekar raunsæislegan söguþráð, Jesús talar til Gunnars sem heldur þá að hann sé loksins orðinn brjálaður, hann hverfur síðan ásamt vini sínum lögregluþjóninum á dularfullan hátt en hundur einn og spangólandi úlfur láta síðan á sér kræla og hrella þorpsbúa á ýmsa lund, einkum þá sem áttu mestan þátt í því að koma malaranum óða undir manna hendur. Malarinn sem spangólaði er ekki

besta bók Paasilinna en hún er stutt, hressileg, kímin og lúmsk og fellur áreiðanlega vel í kramið hjá ört fjölgandi aðdáendum hans hér á landi.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>